

Selfossi, 8. apríl 2002

**92. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn
fimmtudaginn 4. apríl 2002, kl. 10:00 í Ráðhúsi
Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 13:00**

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason.
Einnig mætti á fundinn Óskar Sigurðsson, lögmaður.

Dagskrá:

1. Viðræður við Sveitarfélagið Ölfus um deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu, sbr. minnisblað, dags. 27. mars 2002.

Óskar Sigurðsson gerði grein fyrir minnisblaðinu sem tekið var saman vegna fundar sem hann, Oddur Hermannsson, landslagsarkitekt og Páll Bjarnason, tæknifræðingur áttu fyrir hönd Sorpstöðvar Suðurlands með forsvarsmönnum Ölfuss um deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu 26. mars sl.

Samþykkt að svara erindi Sveitarstjórnar Ölfuss frá 11. janúar 2002 á grundvelli sjónarmiða sem fram komu í minnisblaði af hálfu fulltrúa Sorpstöðvarinnar. Jafnframt er ítrekaður vilji Sorpstöðvar Suðurlands til að ná samkomulagi við Sveitarfélagið Ölfus á grundvelli hugmynda Landsforms ehf. um útfærslu og lokafrágang svæðisins.

Sesselja tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

2. Úrskurður félagsmálaráðuneytisins, dags. 26. mars 2002, varðandi stjórnarsýslukæru Sveitarfélagsins Ölfusi.

Úrskurðurinn er eftirfarandi:

“ Hafnað er kröfu kæranda, Sveitarfélagsins Ölfuss, að ráðuneytið felli úr gildi ákvörðun aukafundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. sem haldinn var 3. október 2001, um að auka hlutfé Sorpstöðvarinnar ehf. um 20 milljónir króna. Hafnað er kröfu kæranda Sveitarfélagsins Ölfuss, að ráðuneytið úrskurði að ákvörðun aukafundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. sem haldinn var 3. október 2001, um að auka hlutfé Sorpstöðvarinnar í Kjötmjöl ehf. um 20. milljónir króna, bindi ekki Sveitarfélagið Ölfus. Ákvörðun stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 9. febrúar 2000, að ganga í ábyrgð fyrir yfirdráttarláni til Kjötmjöls ehf. fór í bága við 6. mgr. 73. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998”

Samþykkt að kynna Kjötmjöli ehf. úrskurðinn og jafnframt að taka upp vinnu við endurskoðun samþykktu Sorpstöðvarinnar með hliðsjón af gildandi sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

3. Önnur mál.

Rætt um málefni Kjötmjöls ehf.

Fundi slitið kl. 14:40

Karl Björnsson
Ágúst Ingi Ólafsson
Óskar Sigurðsson
Sesselja Jónsdóttir
Þorvarður Hjaltason